

# SKAPANDI SUMARSTARF

SKÝRSLA



## SAMANTEKT Á SUMRINU

Ingvi Hrafn Laxdal Victorsson og Hildur Hlíf Hilmarsdóttir eru verkefnastjórar yfir skapandi starfi í Reykjanesbæ. Starfið byrjaði 03.06.2020 fyrir verkefnastjóra sem að byrjuðu strax vinnu við skipulagningu á starfinu og móttöku starfsmanna. Starfsmenn eru á aldrinum 17-27 ára. Fyrst um sinn hittust Ingvi og Hildur og stilltu saman strengi sína og sýn sína fyrir komandi sumri og starfinu sem var framundan.

Starfsfólkið mætti 08.06.2020 og hófum við starfið á kynningu frá verkefnastjórum og starfsfólki sem ræddi sínar væntingar fyrir starfinu, styrkleika og smá kynningu á sjálfum sér. Næst var að koma vinnu umhverfi okkar og aðstöðunni í rétt ástand ásamt því að hefja störf á hugmynda vinnu. Skiptum við hópnum upp í tvo hópa og var lögð áhersla á kynjaskiptingu, jafnræði og tekið tillit til óska einstaklinga eins og hægt var. Verkefnastjórum þótti samt mikilvægt að fólk færi líka út fyrir þægindaramman og prufaði nýja hluti og ásamt því að nýta sér sérstæðu sína og hæfileika. Hópanir voru aftur á móti smíðahópur og myndlistar hópur. Hópanir byrjuðu á hugmyndavinnu og fóru vettvangsferðir um bæinn til að skipulega og velja þá staði sem gæti verið skemmtilegt og hentugt að vinna með. Markmið hópanna var að gera bæinn enn betri og fylla bæinn af enn meira lífi með því að bjóða upp á list fyrir augað, eyrað og viðburði ásamt því að skapa stað þar sem bæjarbúar gætu safnast saman og notið þess að eyða tíma í leik og gleði. Hugmyndina nefnum við torg í bæ. Staður sem biði upp á óhefðbundinn leiksvæði, listaverk og svið fyrir hina ýmsu viðburði.

Strax í upphafi var ákveðið að vinna út frá lýðræði og að allir hefðu pláss og jafna stöðu innan hópans. Til dæmis með kosningum um verkefni og önnur mál. Verkefnið fékk nafnið Hughrif í bæ sem stendur fyrir hrifningu sem að hreyfir við því besta í manningum og umhverfinu. Til dæmis fallett landslag, tónlist, listaverk og leiklist.

Fyrsta vikan fór í að móta og útfæra hugmyndir hópans. Reykjanesbær vildi fá kynningu á starfinu og hugmyndum ásamt útfærslu og lausnum við framkvæmdirnar.

Hópurinn vann því fyrstu vikuna að hugmyndum sínum og útfærslu á þeim ásamt kostnaðaráætlun. Það sem reyndist hópum erfiðast var að gera sér nákvæmaleg grein fyrir því sem þurfti í hvert og eitt verkefni. Hópurinn tók hverja hugmynd fyrir sig og sundurliðaði hugmyndina og fann út hvernig best væri að framkvæma hlutina og hvað þyrfti til að hugmyndin yrði að veruleika. Efni, framkvæmdi, leyfi og tilfallandi kostnaður við hvert verkefni. Kostnaðaráætlun var gerð fyrir hvert verk og svo unnum við verkefnastjórar heildarstæða kostnaðaráætlun. Áætlunin var síðan kynnt fyrir bænum ásamt því að hópurinn kynnti hugmyndir sínar í tveimur lotum, Myndlistarhópurinn og Smíðahópur.

Reykjanesbær tók sér svo nokkra daga til að fara yfir tilögur frá hópunum með því að skoða verkefnin, staðsetningu, kostnað og ávinning. Fyrir hvern er verkefnið? Af hverju þetta verkefni? voru meðal annars mikilvægar spurningar sem hópurinn þurfti að geta svarað fyrir. Eftir fund við bæinn fengu flest verkefnin sem kynnt voru samþykki og hópurinn gat þá hafist handa við framkvæmd hugmynda sinna.

## Verkefnin

### **Fermetrahús** ( Sæluhús við Keflavíkurtún )

Sæluhúsin eru hugsuð sem smáhýsi fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem skjólhýsi með útsýni. Upprunaleg hugmynd var svo kallað fermetrahýsi sem er eins og nafnið ber til kynna bara fermetri á stærð. Hópum fannst þessi fermetrahýsi mjög sniðug en fannst vanta að eitthvað sem að fjölskylda eða vinir gætu nýtt saman. Hópurinn hannaði þá Sæluhúsin sem eru hugsuð að pláss sé fyrir 4 -6 einstaklinga í hverju húsi í einu. Hönnun á húsunum er tvennskonar. Hið hefðbundna kassalaga með A þaki og svo aftur á móti sama form en með hallandi þaki sem að hallar í aðra áttina. Húsin eru hönnuð til að veita skjól frá vind og rigningu, en á sama tíma opinn þannig að þau skyggi sem minnst á útsýnið. Húsin voru gerð þannig þau eiga að falla vel inn í umhverfið og séu sem björtust. Húsin eru þar af leiðandi smíðuð með þremur hliðum, tvær klæddar með timbri og svo framhliðin með Plexí sem að gefur það yfirbragð að húsin virðast opinn í tvo enda þar sem hægt er að sá beint í gegn um þau og gefur þannig útsýni yfir hafið.

Smíðahópurinn vann við að hanna og skapa húsin sem eru teiknuð af hópnum. Húsin voru teiknuð sem skyssur á blað og svo útfærð í tölvuteikningu með nákvæmum mælingum ásamt því að sýna fram á hvernig húsin myndu koma út í umhverfinu. Næst smíðaði hópurinn líkan af húsunum sem hópurinn notaði sem fyrirmynd af smíðinni og sem kynningar módel þegar að hópurinn kynnti hugmyndina um verkefni Sæluhús. Verkefnastjórar og bærinn gerði svo samkomulag um húsin og að hafa viðskiptin við Byko sem veitti faglega þjónustu bæði við Sæluhúsin og önnur verkefni sem að Hughrif í bæ stóð að. Strax í upphafi varð hópum ljóst að erfitt yrði að

smíða húsin vegna skorts á efni á landsvísu vegna Covid 19. Efnið í húsin var því fengið í nokkrum pörtum en með smá þolinmæði, góðu skipulagi og hröðum vinnubrögðum var hægt að klára húsin innan þess tímaramma sem verkefnið Hughrif í bæ hafði að vinna með.

Húsin voru smíðuð innandyra á verkstæðinu sem hópurinn hafði til afnota og svo flutt með bíl á túnið. Húsin eru hönnuð með það í huga að vera einföld til flutnings og meðfæranlega en á sama tíma að standa sem vönduð mannvirki. Húsin standa því ofan á jörðinni og eru fest með fjórum steiptum Hnerrum sem hver vegur 60 kg. Hnerrarnir eru festir undir húsin og sjást því ekki. Þetta þyngir húsin aukalega og heldur þeim niðri án þess að skemma undirlagið sem þau liggja á.

Húsin voru flutt á túnið fyrir framan pakkhúsið við Hafnargötuna og snúa með útsýni út á haf og yfir fjöllin í fjarska. Húsin eru máluð með viðarvörn (Mósaík) bæði til að verja timbrið og gefa húsunum heilstætt og fallegt útlit. Sæluhúsin hafa notið mikillar heillar nú þegar og eru strax vel nýtt hvort sem það eru einstaklingar að setjast niður með bók eða fjölskylda með ís að njóta fegurðarinnar við sjóinn.

### **Keflaborð, stólar, bekkir o.fl. ( Pakkhúsreitur )**

Hughrif í bæ kynnti bænum fyrir torgi í biðstöðu sem er þekkt fyrirbæri nú þegar út um allan heim. Hugmyndin um torg í biðstöðu er að taka ónýtt svæði og skapa aðstöðu sem fólk í nærsamfélaginu gæti nýtt sér. Með því að skapa aðstöðuna býrðu til vettvang þar sem fólk getur safnast saman og notið samverustundar í leik og starfi. Pakkhúsreiturinn varð fyrir valinu þar sem þar var mikið af ónýttu plássi sem bauð upp á marga möguleika. Eitt af því sem hópurinn ákvað að gera var að smíða og bólstra bekki á þar til gerða steipta stöpla sem stóðu sem grunnur frá gömlu húsi sem eitt sinn stóð á reitnum. Með

Því sköpuðum við sæti fyrir 50 manns. Hópurinn nýtti sér pall sem stendur á svæðinu og hugsaði pallinn sem lítið svið sem bæjarbúar gætu nýtt sér að fullu með því að halda sjálfstæða viðburði á svæðinu. Hvort sem um ræðir litla tónleika, leiksýningar, danssýningar, upplestur og fleira. Langi þig til að grípa í gítar og syngja með vinum og nágrönnum þá er sviðið og bekkirnir við Pakkhúsið staðurinn fyrir þig.

Bekkirnir er sagaðir úr 9 millímetra krossvið og svo bólstraðir með þriggja sentímetra þykkum svampi og sterkum dúki frá Seglagerðinni sem gerir bekkina einfalda í þrifum og nógu sterka til að standa úti allt árið í kring. Þeir eru svo festir niður með múrboltum.

Keflaborðin svo nefndu eru unninn úr keflum sem að hópurinn fékk gefins og setti á Pakkhúsreitinn. Borðin eru tvö. Eitt stórt borð og svo annað aðeins minna en saman má auðveldlega koma fyrir 15 manns við borðin. Keflaborð líta möguleg út fyrir að vera einföld í framkvæmd en það er að mörgu að huga og mikil vinna við þau ef vel á að vanda til verka. Til dæmis þarf að taka keflið í sundur fyrst og svo þarf að fjarlægja alla bolta og annað járn sem er á þeim. Því næst þarf að slípa og þússa þau öll til að búa til örugga undirstöðu áður en hægt er að lakka þau og verja fyrir veðri og öðru sem gæti farið illa með eða skemmt borðin.

Dekkjakollarnir eru litlir kollar sem eru búnir til úr bíladekkjum. Reykjanesbær átti kolla úr dekkjum sem voru fullir af grasi og litu út eins úr sér vaxið tún. Hópurinn tók þessa kolla og mokaði upp úr þeim og hreinsaði ásamt því að festa hringlaga plötur sem sagaðar voru úr 9 millímetra þykkum krossvið sem síðan voru bólstraðir með dúk frá Seglagerðinni og festir með teini svo að plötunnar verða hreyfanlegar en áfastar samt.

Dekkja leikföngin eru ekki ný af nálinni og gömul dekk verið notuð í leikföng fyrir börn í mörg ár en hópum þótti mikilvægt að útbúa lítil frístandandi leikföng úr dekkjum. Vinnan við dekkjaleikföng fól í sér marga mismundi vinnslu aðferðir. Fyrst þarf að taka öll dekk tjöruhreinsa og þvo áður en hægt er að taka þau í sundur. Hópurinn smíðaði svo nokkrar tegundir af litríkum dekkja leikföngum sem voru svo flutt niður á pakkhúsreit.

Skessugleraugin eru risastór litrík sólgleraugin sem eins og nafnið gefur til kynna eru í eigu Skessunnar. Gleraugin virka sem kviksjá sem börn geta horft í gengum og séð heimilli skessunnar í litadýrð. Gleraugin eru úr jární sem móta umgerðina á glerauginum. Svo er tvöfalt Plexí gler og þar á milli litríkt mósaík búið til úr filmum. Gleraugin eru svo fest á trégrind sem að stendur svo á steypum stöplum sem eru grafnir ofan í túnið við pakkhúsreit.

Grill og Pizzaofn er metnaðarfullt verkefni sem hópurinn reisti við eina af þremur steypum grunnum við pakkhúsreitinn. Grillið er hlaðið úr steini og steypst síðan með hitaþolinni steypublöndu. Við vinnslu á grillinu var notast við Holstein sem innrabyrði og svo aftur á móti hleðslusteinn sem það ytra. Til að hlaða grillið þurfti að skera steinanna til eftir móti og svo þurfti að fylla upp í holsteininn og útbúa grillgrindina sjálfa og grillskúffu fyrir kolinn. Fyrir sjálfan pizzaofninn þurfti að útbúa mót og steypa með hitaþolinni steypu. Sem mót fyrir kúpulinn notuðum við æfingarbolta sem var síðan smíðað í kringum grind og mót til að steypa í. Til að gera steypuna hitaþolna þurfti að sér blanda múr með efni sem heitir perlusteinn. Perlusteinninn virka sem einangrun og heldur því hitanum í kúplinum þannig að hægt sé að baka í ofninum. Undir kúplinum er svo sérstakur pizzasteinn sem bakar svo botninn á pizzunni.

Málningarvinnan við pakkhúsreitinn var ætluð til að lífga upp á umhverfið og um leið þjóna börnum og fullorðnum við leik og keppni. Þar má meðal annars finna snákaspil þar sem fjölskyldur þurfa bara taka með sér tening til að geta skellt sér í hlutverk leikpeðs og leikanda. Hlaupabraut, Pókó, Twister og lítinn boltaleikvöll.

## **Myndlist um Bæinn**

Hughrif í bæ tókst á við það skemmtilega og krefjandi verkefni að mála tvær veggmyndir ( mural ) í Reykjanesbæ. Þegar unnið er að vegglistum þarf fyrst og fremst að koma með hugmynd að verki og það getur oft verið erfitt þegar að hópur af fólki með mismundi skoðanir kemur saman. Hugmyndin þarf bæði að þjóna samfélaginu og listfólkinu en það er líka mikilvægt að hugmyndin passi við vegginn og nærumhverfið. Mesta áskorunin sem að hópur stóð frammi fyrir varðandi veggmyndirnar var að finna vegg og að útbúa hugmyndir. Þessar hugmyndir þurfti svo að selja eigendum veggjanna. Ásamt því stóð hópurinn frammi fyrir því að vera í fyrsta skipti að vinna verk á þessari stærðagráðu og sumir höfðu aldrei málað áður. Það var því mikilvægur þáttur í ferlinu að fá inn sterkan listamann sem leiðbeinanda til að stýra verkefninu. Verkefnastjórnarnir ræddu við nokkra listamenn og eftir að hafa skoðað vel verkefni og vinnuaðferðir listamannanna var ákveðið að fá Brynjar Inga Lyngberg í lið með okkur. Verkefnastjórum fannst hann bæði faglegur með reynslu af veggmálun ásamt því var hann sveigjanlegur á vinnutíma og sanngjarn þegar að það kom að því að semja um upphæðir á verkefninu. Brynjar tók að sér að kenna og leiða hópinn áfram í vegglist ásamt því að verkstýra og mála með hópum. Verkefnastjórum fannst hann standast þær kröfur sem að honum voru settar og fengu allir sem tóku þátt í veggmyndar verkunum að njóta sín. Allir fengu að vinna með styrkleika sína og læra



ferlið og betur bæta eða læra frá grunni handverkið í kringum listina. Brynjar var ráðinn inn í tvær vikur og var þá miðað við 8-10 virka vinnudaga og skil á tveimur veggmyndum með hópnum. Brynjar kom inn í ferli og hugmyndavinnu sem að hópurnir hafði þegar byrjað með. Án þess að henda allri þeirri vinnu útum gluggann byrjar hann á byrjunar reit með hópinn. Undir stjórn hans byrja þau að henda í hugmyndakort þar sem hann leyfir öllum hugmyndum að fljóta. Eftir að hafa gert hugmyndkort og rætt við hópinn fram og aftur um hugmyndir og væntingar þeirra var farið í að finna veggi sem gætu hentað vel fyrir verkefnið og passað við eitthvað af hugmyndum hópsins. Veggurinn við pakkhúsið varð fyrir valinu og hugmyndin um Skessuna varð ofan á í kosningu innan hópsins. Með Skessunni var hópurnir ekki bara að teikna fallega mynd heldur líka að segja sögu sem að tengir saman vel þekktu skessu í Reykjanesbæ. Skissur voru gerðar af hópnum og á endanum varð til sameinuð loka skissa þar sem Brynjar nýtti mismunandi hugmyndir allra. Hópurinn vann þétt og vel saman undir hans stjórn og kláruðu fyrsta verkefnið Skessuna á Pakkhúsinu á fjórum dögum. Hópurinn lærði hvernig ætti að nýta sér grindarkerfi til að stækka mynd frá A4 skissu á blaði yfir í fullbúna mynd í réttum hlutföllum á risa stóran vegg.

Seinna verkefnið hjá hópnum með Brynjari var öllu frjálsslegra og fengu þá allir að sýna sig og sanna með því að mynda ævintýraheim á Háaleitisskóla á Ásbrú. Persónur í ævintýraheiminum mynduðust þegar allir fengu frjálssar hendur til að skapa og mála sínar ævintýra verur. Sumar sem við þekkjum úr dægurmenningunni og aðrar sem fæddust í hugmyndavinnu og við sköpun á verkinu.

Hughrif í bæ málaði regnbogann fyrir framan Ráðhúsið í Reykjanesbæ. Hópurinn setti sig í samband við Samtökin '78 til að læra meira um regnbogann og hina ýmsu útgáfur af fánanum. Eftir það samtal var ákveðið að velja og mála hin nýja fána en hann fagnar öllum

í samfélaginu, þar á meðal réttindabaráttu svartra. Nýi fáninn er hinn hefðbundni regnbogafáni með viðbótum á nýjum litum sem mynda þríhyrninga ofan á regnbogann. Það sem vakti mesta lukku voru viðbrögð frá bæjarbúum við fánanum, gleðin í kringum vinnunna og verkefnið sem dreifði sér um bæinn. Íbúar í Reykjanesbæ voru mjög jákvæðir gagnvart verkefninu og var gleðin út frá því fljót að dreifa sér. Regnboginn er eitt af þeim verkum sem hópurinn Hughrif í bæ eru stoltust af og vonum við að hann sé kominn til að gleðja og styðja við alla sem að búa og mynda saman samfélagið sem við búum í um ókomna tíð.

Skrúðgarðurinn var eitt af verkefnum sem hópurinn fékkst við og þar var markmiðið að skapa litríka og fallega gönguleið um garðinn sem að leiðir mann áfram í leik og þrautum. Þrauta brautin er full af skemmtilegum hindrunum og leikjum sem hægt er að fara í gengum áður en maður endar í Twister í miðju garðsins. Hópurinn vildi líka sýna tónlistar menningu og sögu Reykjanesbæjar og málaði tónlistar leiðina sem liggur í gegnum einn af stígum í garðinum og með því heiðrum við tónlistarfólk og sögu bæjarins.

## **Viðburðir og skemmtanir**

Hughrif í bæ hópurinn var fullur af hæfileikaríku fólk á allskonar mismunandi sviðum. Enginn skortur var á frábæru tónlistar-, dans- og leiklistarfólki sem nýtti hæfileika sína til að gleða fólk í bænum með söng, dans og tónlist. Hughrif í bæ komu fram og héldu nokkra tónleika. Tónleikar á Nesvöllum og Hæfingarmiðstöðinni voru þar á meðal og síðan mætu meðlimir úr Hópum og tóku nokkur lög við forvarnardag í Fjörheimum. Hughrif í bæ stendur fyrir sameiningu og samstöðu í samfélaginu og vildi hópurinn að allir ættu jafna rétt á að njóta og taka þátt óháð stöðu, stétt eða fjárhag. Þetta viðhorf hefur

fylgt hópunum í sumar. Þegar kom að því að halda lokaviðburðinn okkar vildum við að allir gætu tekið þátt og að allt sem við myndum gera þyrfti ekki að kosta fólk í bænum til að taka þátt.

Fjölskyldudagurinn okkar var lokaviðburðurinn hjá hópum og með honum vildum við kynna fyrir íbúum og öðrum gestum hvað við hefðum verið að skapa fyrir samfélagið. Hópurinn vildi halda hátíð þar sem börn og fullorðnir gætu notið saman, leikið og haft gaman.

Fjölskyldudagurinn við pakkhúsreit bauð upp á lifandi tónlist, dans og allskonar leiki ásamt því að bjóða upp á sögu göngu um bæinn og andlistmálningu fyrir alla sem vildu. Hópurinn gaf candyfloss og popcorn eins og fólk gat í sig látið og grillað sykurpúða sem voru grillaðir á nýja úti grillinu við pakkhúsreitinn. Dagurinn var fullur af skemmtilegum leikjum og lifandi viðburðum. Fuglakofasmiðjan var ótrúlega vinsæl og fjölskyldur nutu þess að setja saman fuglakofa sem fólk gat keypt fyrir 500kr. Fuglakofarnir voru það eina sem að kostaði og var sú ákvörðun tekin að rukka þessa upphæð vegna þess hve kostnaðarsamt er að kaupa efni í húsin.

## Væntingar hópsins

Hughrif í bæ valdi í upphafi að einbeita sér að því að bæta einhverju við samfélagið hér í bænum. Hvort það væri að fegra umhverfið, skapa nýja leiðir og leik eða einfaldlega til að bjóða upp á aðstöðu sem ekki áður hefur verið til staðar. Hópurinn hafði margar góðar hugmyndir sem ekki urðu að veruleika að þessu sinni en allar þær hugmyndir sem að hópurinn framkvæmdi ákvað hópurinn að gera með allra bestu getu og eins mikilli fagmennsku og hægt væri. Verkefnastjórar vildu alltaf að ungmennin myndu nýta styrkleika sína við vinnu sína í sumar en fannst á sama tíma mjög mikilvægt að ýta á ungmennin að takast á við nýjar áskornannir og verkefni sem þau

hefðu kannski aldrei annars látið sig dreyma um. Verkefnastjórum fannst mikilvægt að ferlið væri lærdómsríkt og gefandi á sama tíma og það væri skapandi og skemmtilegt.

Verkefnastjórum beið því stórt verkefni fyrir höndum að halda utan um alla þessa þætti sem fjallað erum hér að ofan. Sjá til þess að öllum þessum væntingum og þörfum yrði mætt með virðingu og vinsemd. Verkefnið Hughrif í bæ er samt sem áður starf en ekki leikvöllur þó að leikgleðin sé í fyrirrúmi.

Hughrif í bæ hefur tekið að sér allskonar verkefni og tekist á við sýnar eigin hugmyndir samhliða því að vinna hugmyndir annarra. Þegar litið er yfir sumarið og þessar átta vikur sem nú eru á enda er ekki annað hægt en að vera stoltur af því sem hefur náðst að afreka á þessum stutta tíma. Hughrif í bæ er eitthvað sem við vonum að sé komið til með að vera. Verkefni sem heldur áfram að byggja upp gott samfélag fyrir alla með nýjum hugmyndum, breyttum áherslum, ástríðu og kærleik.

## **Það sem betur mætti fara**

Verkefnið Hughrif í bæ er það fyrsta að sinni tegund í Reykjanesbæ. Aldrei áður hefur hópur ungmenna unnið verkefni eins og þetta sem þýðir að allir sem að koma að verkefninu eru að gera hlutina í fyrsta skipti og við erum öll að læra á meðan við framkvæmum. Það er einmitt þetta lærdómsferli sem skiptir svo miklu máli ef að vel á að gera og gott betur en það. Verkefnastjórar hafa farið yfir nokkra hluti sem hægt væri að bæta, breyta og laga. Þar má þá fyrst nefna stöðu verkefnastjóra. Gott væri að Verkefnastjórar kæmu fyrir inn og sætu fundi með yfirmönnum sínum og öðrum frá bænum sem að koma að verkefninu. Verkefnastjórum finnst nauðsynlegt að vera

með verkferla og annað stjórnarsýslulegt eins og leyfi og fyrirfram mótaðar væntingar og verkefni sem koma frá bænum. Hér má taka dæmi um að veggmyndirnar sem Hughrif máluðu og voru verkefni sem að bærinn vildi framkvæma. Það reyndist flókið ferli að fá leyfi fyrir veggjum og viðræður við eigendur veggja sem komu til greina tóku oft langan tíma. Hughrif í bæ var átta vikna verkefni sem er stuttur tími og ef það fara þrjár vikur í að finna staði fyrir verkin þá skiljanlega nýtist tíminn ekki eins vel og annars væri hægt að nýta hann. Verkefnastjórar skilja vel að eigendur veggja vilja fá hugmyndir af verkum áður en þeir segja af eða á. Það skiptir máli hvernig veggurinn er og hvar hann er staðsettur meðal annars. Hugmyndir taka svo líka alltaf breytingum í þróunarvinnu og teljum við því að best hefði verið að vera búinn með ákveðið viðræðuferli bæði við bæinn og eigendur veggja.

Verkefnastjórar vilja líka koma því áfram að ef að verkefnið heldur áfram á næsta ári þurfi verkefnið að hafa afnot af vinnubíl. Í ár var því þannig háttað að verkefnastjórar notuðu sína einkabíla til að ferja á milli allskonar hluti og varð einkabíllinn að vinnubíl sem flytja þurfti sand, sement, timbur, málningu og allskyns hluti sem hvorki pössuðu eða fóru vel með bílanna. Við leggjum til að vinnubíll verði partur að verkefninu og þanig má bæði koma í veg fyrir að illa sé farið með einkabíllinn og teljum við það sparnað fyrir bæinn hvað varðar vinnuferli og afköst. Annar af verkefnastjórum var svo heppinn að hafa krók á bílnum hjá sér og heppin með samstarf við Byko sem lánaði okkur kerru til flutninga á efni. Ef ekki hefði verið fyrir það hefðum við setið föst oft á tímum að bíða eftir öðrum flutningaleiðum.

## **Að lokum**

Verkefnastjórar vilja að öðru leiti þakka traustið sem þeim var sýnt og allur sá vilji og hið góða samstarf sem verkefnastjórar áttu við

yfirmenn sína bæinn og aðra samstarfs aðila. Hópurinn fékk allstaðar jákvæð viðbrögð og snögg og fagmannlegt samtarf. Allir að vilja gerðir og tilbúnir að aðstoða við þau verkefni sem hópurinn fékkst við. Við teljum þetta verkefni mjög mikilvægt fyrir bæði bæinn og ungmennin sem unnu við verkefnið. Verkefnið er frábært framtak sem aðeins er hægt að byggja á og gera betur í dag en í gær með þökk um gott samstarf og von um bjarta framtíð teljum við að þetta mikilvæga starf hafa heppnast vonum framar.